



Alþingi  
Nefndasvið  
Smiðja - Tjarnagötu  
150 Reykjavík

Reykjavík: 06. 06. 2024

Tilvísun: 202406-0315

**Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (raforkuöryggi o.fl.)**

Alþýðusamband Íslands vill gera athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á raforkulögum. Umsagnarbeiðni var ekki send sambandinu þrátt fyrir að efni frumvarpsins og breytingartillögur meirihlutans varði hagsmuni almennings og félagsmanna Alþýðusambands Íslands.

Frumvarpið felur í sér breytingar sem ætlað er að tryggja almenningi og smærri fyrirtækjum forgang komi til skömmunar vegna óviðráðanlegra atvika, til að mynda vegna framboðsskorts. Sú staðreynd að skömmun raforku er til umræðu er til marks um að stjórnvöldum hafi mistekist að standa vörð um orkuinnviði og þar með hagsmuni almennings.

Alþýðusamband Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarpið sem felur ekki í sér heildstæða lausn á þeim vanda sem steðjar að vegna þess að stjórnvöld hafa ekki tryggt orkuöryggi fyrir heimili og smærri fyrirtæki né vernd fyrir verðhækkunum á raforku.

Ljóst er að gera þarf breytingar á raforkulögum sem eru til þess fallnar að tryggja orkuöryggi almennings og smærri fyrirtækja og verja almenning fyrir hækkunum á raforkuverði sem getur haft víðtæk áhrif á kjör heimilanna í landinu. Það frumvarp sem hér um ræðir er ekki til þess fallið að ná þessum markmiðum heldur ber það einkenni illa ígrundaðs bútasaums sem keyra á í gegn í miklum flýti.

Þá hefur meirihluti atvinnuveganefndar skilað af sér nefndaráliti með breytingatillögu sem gerir stórnotendur að markaðsaðilum raforku og þar með kleift að selja orku inn á kerfið til að bregðast við orkuskorti án þess að stjórnvöld þurfi að grípa inn í. Alþýðusambandið telur ástæðu að benda á að þótt breytingin virðist lítil geta áhrifin verið veruleg. Ef breytingarnar ná fram að ganga virðist ekkert koma í veg fyrir að stórnotendur raforku, þ.á m. álver, geri hlé á starfsemi sinni og framleiðslu og ákveði að selja raforkuna frekar en að nýta hana, ef það reynist



Alþýðusamband Íslands

þeim hagstæðara. Aðstæður sem þessar geta myndast ef eftirspurn eftir raforku er mikil, framboð af raforku er lítið og verð á áli lækkar. Breytingar sem þessar geta grafið undan starfsöryggi launafólks stórnotenda raforku og haft ófyrirséðar afleiðingar á íslenskan vinnumarkað. Alþýðusamband Íslands gagnrýnir harðlega að stórum breytingum sem þessum sé bætt við frumvarpið á seinni stigum máls án þess að mat hafi verið framkvæmt á mögulegum áhrifum og án undangengins samráðs.

Alþýðusambands kallar eftir því að stjórnvöld taki málið í heild sinni til endurskoðunar þar sem farið verði í heildstæðari breytingar á lagaumgjörð raforkumála þar sem áhrif breytinganna eru metin og tryggt verði að stjórnsýsla og eftirlitsstofnanir séu í stakk búnar til að hafa yfirsýn og eftirlit með raforkumarkaði.

F.h. Alþýðusambands Íslands

*Lucas Alfa Ólafsdóttir*